

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 30. október



Verk Katrínar Ólínu Pétursdóttur hafa sett hana í hóp fremstu hönnuða Íslands

KANNAR EIGIN NÁTTÚRU



FÖTIN OG FÖRÐUNIN Á HREKKJAVÖKU + TÍSKUSÝNING Í FRÍKIRKJUNNI
HUGRÚN OG MAGNI Á SÍÐUNNI SARTORIALIST OG DJAMMIÐ UM HELGINA.



TURNTILBOÐ MEÐ WINDOWS 7

CoolerMaster Elite midi turn

- AMD Athlon X250 3,0GHz örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz XMS
- 640GB SATA II WD
- MSI Geforce NX9600GT 512MB
- 22xDVD+/- DL skrifari
- Windows 7 Home Premium

Kr. **119.950**

AMD TÖLVA 3



SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* fylgist vel með

BJÖRK VIGGÓSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

Um helgina er hugmyndin að fara á sem flesta viðburði á Sequences listahátíðinni, sem opnar á föstudaginn í Hafnarhúsinu kl 20.00. Einnig verð ég að undirbúa verkíð „Low“ með Sigríði Soffíu Nielsdóttur en það verður frumflutt mánudaginn 2 nóvember kl 18.00 í Listasafni Ísland á Sequences.

helgín
MIN



Nakti apinn flytur



Mekka skræpóttra hettupeysna, Nakti apinn, hefur flutt af Bankastrætinu þar sem hann hefur verið til húsa frá byrjun. Verslunin flytur yfir á Klapparstíg 33 þar

sem i8 var einu sinni til húsa. Í til efni af þessum merka atburði er slegið til veislu á morgun, laugardag, klukkan 14 en þar verður mikið húllumhæ.

Stuð í Havarí



Tvær skærustu stjórnur íslenska tónlistarlífins, Bárújárn og Sykur, verða með tónleika í versluninni Havarí í Austurstræti á morgun. Bárújárn varð fræg um leið og myndband hennar var bannað á YouTube fyrir skömmu en hægt verður að kaupa diskinn ásamt myndbandinu í versluninni. Sykur samanstendur af sykursætum ungum drengjum og hressandi elektrópoppi en þeir eru einmitt að gefa út disk sem heitir Frábært eða Frábært.

Þetta HELST

Hrekkjavökunótt



Það verður mikið um dýrðir á hrekkjavöku á laugardaginn í miðborginni. Á Boston verður grímuball frá klukkan 22 þar sem DJ Thor heldur uppi stuðinu, á Bakkusi verður einnig hrekkjavökupartí frá klukkan 20 undir tónum DJ Öfuls, og skemmtistaðurinn Jacobsen er svo kominn í sérstakan hrekkjavökubúning fyrir helgina þar sem mikið hefur verið lagt upp úr lýsingu og skrauti. Það er um að gera að vippa sér í góðan búning og dansa alla nóttina.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Arnþór Birkisson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Tískusýning í Fríkirkjunni

Hönnuðirnir Thelma Björk Jónsdóttir, Dúsa og Guðjón Tryggvason standa fyrir tískusýningu sem haldin verður í Fríkirkjunni laugardaginn 31. október.

„Fríkirkjan er ofboðslega falleg kirkja og okkur hefur lengi langað að halda þar sýningu. Við erum með vinnustofu rétt hjá kirkjunni og okkur fannst tilvalið að halda sýninguna í nágrenninu. Fríkirkjupresturinn tók mjög vel í þetta, enda er þetta orkan sem er í gangi í dag, allir hjálpa öllum,“ segir Thelma, sem hefur rekið hönnunarverslunina Fabelhaft ásamt Dúsu frá því í vor.

Fríkirkjan tekur 300 manns í sæti og í stað sýningarpalls munu fyrirsæturnar ganga kirkjugólfið og sýna flíkurnar auk fylgihluta. Hörpuleikarinn Monika Abendroth og tónlistarmaðurinn DJ Musician munu sjá um tónlistina á sýningunni. „Fyrstu bekkirnir verða fráteknir fyrir boðsgesti en annars er það bara „fyrstir koma, fyrstir fá“ lögmálið sem gildir inn á sýninguna. Við stefnum á að smekkfylla kirkjuna og erum orðnar mjög spenntar.“ Sýningin hefst stundvíslega klukkan 17 og verður dyrunum lokað á þeirri stund.

- sm



Tíska í guðshúsi Hönnuðirnir Thelma og Dúsa halda tískusýningu í Fríkirkjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HUGRÚN OG MAGNI Í LONDON:

MYNDUÐ FYRIR SARTORIALIST

Vefsíðan The Sartorialist er ein fyrsta tískubloggsíðan sem sett var upp en þar er á ferð ljósmyndarinn Scott Schuman með myndir af fólki sem hann telur smart á götum úti víðs vegar um heim. The Sartorialist er enn ein vinsælasta bloggsíðan með götu-stílsmyndum á Netinu og veitir fólki innblástur um hvernig er flott að klæða sig. Það vakti því athygli Föstudags að íslenska tískuparið Hugrún og Magni, eigendur Kron og KronKron, var myndað af Schuman í London nýlega. Ekki er að spyrja að smekkleghheitum þeirra hjóna á ljósmyndinni. - amb



Mynduð í London Hugrún og Magni eru smart fyrir utan Somerset House.

augnablikið



BRESKA FYRIRSÆTAN OG BARNABARN ROALDS DAHL, SOPHIE, mætti á frumsýningu á „Refnum frábæra“ í London í síðustu viku með kærastanum Jamie Cullum.

Með barni komið aftur!

Fjölpætt bætiefni fyrir barnshafandi konur

MEÐ BARNI inniheldur flest þau vítamín og steinefni sem nauðsynleg eru á meðgöngu. Heilbrigðisfyrirvöld mæla með því að barnshafandi konur taki 400 mikrógrömm (µg) af fólínsýru daglega.

MEÐ BARNI tryggir þetta magn af fólínsýru ásamt öðrum nauðsynlegum bætiefnum. MEÐ BARNI inniheldur auk þess OMEGA 3 og 6 fitusýrur sem hjálpa til að þroska heila og miðtaugakerfi.

MEÐ BARNI er notað á meðgöngu og meðan barn er á brjósti.

Íslenskt bætiefni - framleitt samkvæmt ströngustu gæðastöðlum fyrir íslenskar aðstæður. Við höfum breytt forminu en höldum sömu innihaldsefnum og áður. Í stað töflu notum við belgi með virku efnum í vökvaformi sem auðveldar og flýttir upptöku - en það þýðir að líkaminn nýtur þau betur. Framleiðslan er samkvæmt ströngustu gæðakröfum og GMP framleiðslustaðli.



NÚ MEÐ
BREYTTU OG
ENDURBÆTTU
SNIÐI!



-hafðu það gott

KRAT/VEIK

TAX FREE



4.990,-



5.990,-



1.490,-



1.190,-

**Virðisauki
af öllum vörum**

laugardag og
sunnudag í báðum
verslunum



2.490,-



3.490,-



3.490,-



11.900,-



22.900,-



4.900,-



14.900,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

TAX FREE

LANDKÖNNUÐUR Í EIGIN

Verk Katrínar Ólínu Pétursdóttur hafa sett hana í hóp fremstu hönnuða Íslands. Í viðtali við Föstudag segir hún frá virkjun ímyndunaraflsins, kostum þess að lifa og starfa á 21. öldinni, lífinu sem íslenskt alþjóðakvikindi og mikilvægi þess að gleyma ekki rótunum.

Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Allir eiga sér sinn hugarheim, hvort sem þeir hafa nokkurn tímann velt tilvist hans fyrir sér eða ekki. Katrín Ólína Pétursdóttir er þó komin mörgum skrefum dýpra ofan í sinn hugarheim en flestir aðrir. Hún hefur hræst í honum alla ævi og haft af honum lífþraut undanfarin tólf ár, fáein-

Reykjavík. Þau, auk annarra fjölskyldumeðlima, hafa sett sitt mark á Katrínu. „Ég á góða að og finnst ég að mörgu leyti vera að vinna í framhaldi af því sem hugsað og gert hefur verið. Ég geri það þó á minn hátt og með hjálp tækni og efna 21. aldar.“

GODSÖGUR OG ÆVINTÝRI

Katrín lýsir veröld sinni sem heimi draumsins. Henni sé ætlað að vera nokkurs konar tenging við undirvitundina í gegnum minni og vísanir í erkitýpur godsagna og persóna úr þjóðsögum og ævintýrum. „Draumurinn og fantasían eru eldsneytið sem drífur ímyndunaraflíð áfram og ímyndunaraflíð er það sem gerir okkur mennsk. Ég hef mikinn áhuga á þessu og byggi þennan náttúruheim minn lauslega á hugmyndum um gyðjur og goð, hetjur, fífl, meistara og skrímli. Ég lít á verkin mín sem opinn heim, án upphafs og endis. Þessi heimur er öllum opinn sem vilja heimsækja og virkjar þannig ímyndunarafl fólks.“

STAFRÆN NÁTTÚRA

Hún á sína útgáfu af valkyrjunni,



„Draumurinn og fantasían eru eldsneytið sem drífur ímyndunaraflíð áfram og ímyndunaraflíð er það sem gerir okkur mennsk.“

um árum eftir að hún útskrifaðist sem vöruhönnuður frá École du Design Industrielle í París. Brot úr heimi Katrínar prýðir forsíðu nýrrar bókar um íslenska samtímahönnun sem Crymogea gefur út. Í þeirri bók er fjallað um Katrínu og aðra íslenska hönnuði sem þykja hafa skarað fram úr.

Katrín á sköpunargáfuna og náttúruáhugann ekki langt að sækja enda margt um skapandi sálir í fjölskyldunni. Dagbjört Helga Jónsdóttir, langamma Katrínar í móðurætt, var meistari með þrónana og Theódóra Thoroddson skáldkona var föðurlangamma hennar. Afi hennar, Pálmi Hannesson, var náttúrufræðingur og rektor Menntaskólans í



sem ríður um á sauðkind í stað hests. Fyrir vikið verður léttara yfir henni, þótt hún sé í miklum baráttuhug. Og önnur vera leggur við hlustir með lúðra við eyrun. „Þessi trompetmeistari öðlast ofurheyrn með hjálp lúðrana og hlustar á veraldarhljóðið, kannski dálítið eins og Heimdallur sem heyrði grasið gróa,“ útskýrir Katrín Ólína og segir frá því hvernig heimurinn sem figúrurnar búa í varð til þegar hún eignaðist sína fyrstu tölvu. „Stafræna byltingin hefur haft mikil áhrif á líf mitt. Þegar ég eignaðist mína fyrstu tölvu sá ég hana fyrir mér sem góðan skjalaskáp og teikniborð og fór að teikna í tölvurýmið hugmynd-



Náttúrubarn Náttúran er Katrínu endalaus uppspretta nýrra hugmynda. Hún er viss um að náttúruöflin hafi djúp áhrif á Íslendinga, hverjir þeir eru og hvernig þeir hugsa.

ir og minni. Fyrir mér var þetta eins og að ég væri að teikna sjónræna orðabók mína. Þetta áhugamál varð einfaldlega að áráttu, eina vikuna stúderaði ég kannski

hunda en aðra plöntuhluta. Eftir því sem ég teiknaði meira stækkaði þessi sjónræna orðabók og ég fór að raða myndbrotunum saman og búa til „setningar“ úr þeim.

Með tímanum urðu setningarnar að tungumáli og þetta hef ég verið að vinna við að þróa æ síðan.“

Náttúran er Katrínu endalaus uppspretta hugmynda. „Að upplifa

Etanól eldstæði

Brennslu etanól 2l: 1500 kr

Xamenia ryðfrítt stál

Verð: 69.900 kr

YLUR fyrir heimilið

ármúla 38 - s 564 5700

*** bak við tjöldin**

Hvaða listamaður er í uppáhaldi hjá þér?
Peir eru of margir til að telja upp hér. Listamenn úr ýmsum greinum frá öllum tímabilum sem sýna mér tilveruna í nýju ljósi.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?
Að vera í mómentinu.

Hver er þín uppáhaldsborg?
Tökýó, af því að hún er svo allt annar heimur... en allar borgir eru frábærar á sinn hátt.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig?
Ég hlusta mikið á klassíska tónlist og raftónlist en að sjálfsögðu allt hitt líka.

Hver er þín helsta fyrirmynd?
Áreiðanlega foreldrar mínir.



NÁTTÚRU

og skoða náttúruna hefur kennt mér margt. Náttúran er skapandi og óútreiknanleg og fer fram á að við séum sveigjanleg. Hér á Íslandi er náttúran alltumlykjandi og umhverfið er ekki manngert á sama hátt og á mörgum öðrum stöðum. Við Íslendingar höfum þurft að aðlaga okkur að þessum náttúruöflum sem hér eru að verki og það hefur djúpt áhrif á hver við erum og hvernig við hugsum.“

TEIKNADAR MINNINGAR

Nýlega setti Katrín upp sýningu í Stokkhólmi sem hún kallaði „Illustrated Reminders“. Á sýningunni voru stór veggspjöld af stafrænni náttúru Katrínar en auk þess sýndi hún glefsur úr heimi sínum í handteikningum. Þeim lýsir Katrín sem teiknuðum minningum eða minni. „Hugmyndin var sú að gerast landkönnuður og teiknari náttúruvísinda í eigin náttúru. Hingað til hef ég leyft þessum heimi að flæða og vaxa af sjálfu sér, en núna er ég að einbeita mér að því að greina náttúruna betur og skoða hvernig hlutirnir tengjast. Þessi náttúra er í sífellldri þróun, plöntur og dýr umbreyta sér og þróast hiklaust úr takti við Darwinkenninguna. Það þarf sérstaklega að fylgjast með þessu. Margar af verunum í þessari náttúru hafa auk þess orðið áhuga á að tjá sig og eru farnar að banka upp á hjá mér svo ófriður er af.“



Stafræn náttúra Eitt af veggspjöldunum Katrínar úr sýningunni „Illustrated Reminders“.

Neti sem heimurinn er núna.“

JADARSAMFÉLAGIÐ ÍSLAND

Flakkið um heimsbyggðina hefur síður en svo útpynnt aðdáun og trú Katrínar á fósturjörðinni, heldur þvert á móti. Hún telur sérstöðu Íslands mikla í alþjóðasamfélaginu. „Við lifum á breytingatímum. Nú eru nýjar áherslur í því hvernig við göngum um jörðina og umhverfið og hugsum um okkur í samhengi við aðra á jörðinni. Mér sýnist áherslan alls staðar í heiminum vera í auknum mæli á ræturnar og að virkja sérstöðu. Sérstaða okkar hér á landi felst í því að við erum nútímasamfélag en jafnframt jaðarsamfélag. Náttúran, víðáttan og tómið hér er öflug uppspretta ímyndunarafslans, eins og við sjáum glögglega ef litid er til þess hvernig bankastarfsemin og útrásin voru virkjuð en einnig ef litid er til sagnahefðar okkar og tónlistar. Það er mikilvægt að leyfa skapandi greinum að þróast í næði ef góðir hlutir eiga að gerast, því þeir gerast hægt. Dálitið eins og með akurinn, þú þarft að rækta hann og sinna og gefa honum tíma, til að búast við góðri uppskeru.“

LÍFID Á 21. ÖLDinni

Kostir þess að lifa og starfa á 21. öldinni eru að Katrínar mati ótvíráðir. Hún hefur búið viðs vegar um heim, nú síðast um nokkurra ára skeið í Taívan og Hong Kong. „Við lifum á spennandi tímum sem gera okkur kleift að vera opin og kynnst heiminum sem aldrei fyrr. Veraldarvefurinn er eitt af undrum veraldar, í gegnum hann höfum við aðgang að stærsta bókasafni heims og getum verið í beinni teng-



Handteikningar Nýlega setti Katrín upp sýningu í Stokkhólmi sem hún kallaði „Illustrated Reminders“. Þar sýndi hún stór veggspjöld af stafrænni náttúru auk handteikninga sem hún lýsir sem teiknuðum minningum eða minni.

Mundu mig

SagaMemo inniheldur virk efni úr ætíhvönn og blágresi. SagaMemo er fyrir þá sem vilja viðhalda góðu minni.

SagaMemo fyrir gott minni!



Helgartilboð Heilsuhússins



Þegar þú kaupir glas af SagaMemo færðu annað á hálfvirði.

Tilboðið gildir 29. október - 1. nóvember 2009.

Heilsuhúsið Skólavörðustíg, Krínglunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi og Akureyri



SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Arnar, Aníka og Matti bjóða ykkur velkomin

Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardag
9⁰⁰ - 13⁰⁰



SALON REYKJAVÍK

Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

tíðin

* Hrekkjavökutískan



Blúndur Gamaldags blúnda virkar alltaf til að framkalla vampírúhrifin – þessi er frá Givenchy.



Gamaldags „goth“ Viktoríönsk blúnduskyrta við frakka frá Givenchy.

Sýndu þínar myrku hliðar

Drungalegt og sexý

Hvernig er flott að líta út á hrekkjavökunni? Ef maður vill ekki fara alla leið í grímubúninginn og mæta sem Frankenstein eða brúður Drakúla eru margar frábærar leiðir til að umvefja sig myrku hliðunum um helgina. Það eru margar skemmtilegar leiðir að „goth“-útlitinu. Hvernig væri að líta einn hárlökkinn fjólubláan, fara í viktoríanska blúnduskyrtu eða kynþokkafullar leður-buxur í anda Lestat-vampíru? Hér eru nokkur flott dæmi sem hægt er að sækja innblástur í.

- amb



Svart Síður „gothara“-kjóll frá Christopher Kane.



Kvenlegt Skemmtileg samsetning af finni blúndu við latex-buxur frá Givenchy.

Frábærar og enn betri fréttir

til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8

50% meira af góðgerlum í hylkjunum sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.


Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiðri meltingu.



Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!



SVARTAR NEGLUR – Alison Mosshart úr Kills er daglega með svartar neglur og það passar líka fullkomlega við hrekkjavökubúninginn. Þetta fallega lakk er frá Yves Saint Laurent.



Seiðandi augu og dimmrauðar varir:

HEILLANDI Á HREKKJAVÖKU

Make Up: Margrét með MAKE UP STORE

Módel: Indíana Nanna Jóhannsdóttir

Á morgun er allrasálfest, hátíð hinna dauðu – öðru nafni hrekkjavaka (Halloween á ensku). Þessi hátíð er að festa sig í sessi hér á Íslandi og mörg hrekkjavökupartí haldin á heimilum og skemmtistöðum landsins. Búningar tengdir hrekkjavöku eiga allir að vera í drungalegri kantinum – vampíru, nornir, seiðkarlar, draugar og forynjur. Föstudagur fékk Margrétu Rögnu Jónasdóttur, förðunarfræðing og eiganda Make Up Store, til að sýna sér hvernig er hægt að framkalla frábært „gotneskt“ útlit: ljósa húð, dökk augu og varir og vera um leið sexý og seiðandi.

UNDIRBÚNINGUR Undirbúið húðina með Face Mist rakaspreyi og Skin Serum. Berið örlítið af farða eða hyljara á augnlok og undir augu til að augnskugginn festist og endist betur.

AUGUN Mótið augun með því að bera mjúkan svartan augnblyant í kringum augun. Dreifið með litlum bursta og berið blyantinn líka

á vatnslínuna. Brett-ið augnhárin og berið á svartan maskara. Veljið lengd aukaugnhára eftir því hversu dramatísk augun eiga að vera.

SMOKEY AUGU Byrjið á því að bera á Pink Metal augnskugga létt undir augabrún. Dökkur Nightfall augnskuggi er settur yfir allt augnlokið. Að lokum er Devil Dust duftskuggi borinn á augnlokið og undir augun. Örlítið af glæru Blend & Fix kremi er penslað í augnhvarmanum til að gefa gljáa. Einnig er því dúppað á nefbein og kinnbein.

HÚÐ Þrifið undan augunum ef eitthvað hefur sest þaraf augnskuggaduftinu. Berið síðan á húðina léttan farða. Reflex Cover er sett undir augun til að endurkasta ljósinu og gefa birtu í kringum augnsvæðið. Dustið síðan lausu púðri yfir til að festa farðann.

KINNAR Rennið kinnalit eingöngu



undir kinnbeinin til að móta þau. Varist að setja fremst í kinnar ef útlitið á að vera dramatískt. Sand eða Caramel eru flottir í skyggingu.

BRÚNIR Snyrtar með ljósum blyanti og formaðar með Stay in Shape vaxi.

VARIR Berið örlitinn hyljara yfir útlínurnar á vörnum og mýkið inn á við. Berið rauðan Pout varalit á varir og formið útlínur með bursta. Rennið síðan dökkum varablyanti eins og Passionate Glory meðfram útlínunum varanna þannig að dökki blyanturinn blandist við varalitinn. Að lokum er dökkum varalit dúppað yfir varirnar. Byrjið við útlínurnar og skyggið inn á við. Black Orchid eða Dawn eru flottir litir í þetta.

- amb

Æskan er í genum þínum. Virkjaðu þau.
Uppgötvaðu húðina eins og hún ætti að vera

Uppfinning Lancôme:
GÉNIFIQUE
ÆSKUVAKI



NÝTT
Æskuvaki dagkrem

10 ÁRA RANNSÓKNIR

Lancôme uppgötvar fyrsta ÆSKUVAKANN GÉNIFIQUE.
Auktu* virkni genanna og örvaðu** framleiðslu æskupróteina.

Sjáanlega unglegri húð á aðeins 7 dögum***.

Húðin öðlast aftur eiginleika ungrar húðar: hún verður þétt og silkimjúk við snertingu – ótrúlegur ljómi.


LANCÔME
PARIS

* In vitro prófanir á virk efni
** Klínískar rannsóknir á „skin protein dosage“ – 24 konur
*** „Cosmetoclinic“ sjálfsmat – 34 konur



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Hörður Kristbjörnsson, grafiskur hönnuður og lífs-kunstner.



1 Vakna af værum blundi, helst um hádegi, við að kreppan kyssi á manni upphandlegginn.



2 La Primavera í hádegis-mat með Don Draper.

3 Forsíðumyndataka Reykjavík Grapevine skotin af Ryan McGinley með Dorrit Moussaïeff sem í kjölfarið býður okkur í kjötsúpu lagaða af Ólafi á Bessastöðum.



4 TaTaTa á Bessastöðum.



5 Síðnætursnúningur á The Dubliner sem endar í morgunverðarhlaðborði á Hótel Holti.

Jólahlaðborð á Silfurs

Leyfðu okkur að elda

fyrir þig og þína



Veitingastaðurinn Silfur

blæs til veglegrar jólaveislu frá 27. nóvember til jóla.

Á fjórða tug spennandi rétta.

Hádegi: 3.500,-

Fim. - lau. kvöld: 6.900,-

Sun. - mið. kvöld: 5.900,-

Taktu þér hlé frá hversdagnum.

SILFUR
restaurant

Pósthússtræti 11

Pantaðu tímanlega

Sími: 578 2008

info@silfur.is

Kemur þú langt að?

Spurðu okkur um sérkjör á gistingu á Hótel Borg.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

